

## 5. fundur starfshóps um félagslega heimaþjónustu.

Fundurinn er fjarfundur í Teams haldinn kl. 14, þriðjudaginn 13.apríl 2021.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Valdimar Víðisson, Anna Karen Svövdóttir, Árni Rúnar Þorvaldsson, Sjöfn Guðmundsdóttir, deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs sem ritaði fundargerð.

### 1. Gjaldskrá og kostnaður.

Ólafur Heimir Guðmundsson og Guðmundur Sverrisson frá fjármálasviði mættu til fundarins. Farið var yfir tvær sviðsmyndir varðandi þjónustu við eldri borgara og kostnað. Umræða varð um tekjuviðmið hvað varðar heimaþjónustu, frístundastyrk, fasteignagjöld o.fl.

### 2. Öldungaráð.

Valgerður Sigurðardóttir, formaður Öldungaráðs mætti á fundinn til viðræðna. Valgerður færir þakkir frá Öldungaráði fyrir það hvað mikið tillit er tekið til starfs Öldungaráðs hjá Hafnarfjarðarbæ. Leitað er til ráðsins með ýmis mál sem er ómetanlegt. Öldungaráð hefur áhyggjur af stöðu eldri borgara sem búa í heimahúsum. Eldri borgarar bera í mörgum tilvikum ábyrgð á veikum maka. Lögð er áhersla á að fólk búi heima sem lengst sem ekki allir geta. Hætta er á félagslegri einangrun þegar fólk er eitt heima, fjölskyldan verður þreytt þar sem umönnunin lendir á henni. Mikilvægt að staldra við og skoða hvort við erum á réttri leið. Auka þarf samvinnu milli þjónustustiga. Mikilvægt er að horfa til eldra fólks við skipulag íbúðabyggðar í sveitarfélaginu. Þjónustukjarnaíbúðir væri eitthvað sem ætti að skoða og hafa í huga þegar verið er að skipuleggja hverfi sveitarfélagsins, t.d. íbúðir á svipuðum forsendum og Höfn var á sínum tíma og Hjallabrautin.

### 3. Útvistun heimaþjónustu.

Óskað er eftir að samningur við ISS/DAGA sem gerður var vegna heimaþjónustu liggi fyrir á næsta fundi. Einnig kostnaðargreining á útvistun þjónustunnar.

Næsti fundur starfshópsins verður þriðjudaginn 4.maí n.k. kl. 15.

Fundi slitið kl. 15:00.